



Umhverfis- og samgöngunefnd Alþingis
Kirkjustræti
150 Reykjavík

Fjarðabyggð, 30. október 2018
Tilvísun 1810098/14.0

**Umsögn Fjarðabyggðar um tillögu til þingsályktunar um fimm ára
samgönguáætlun fyrir árin 2019 – 2023 – 172.mál**

Bæjarráð Fjarðabyggðar mótmælir því harðlega að ekki sé gert ráð fyrir neinum endurbótum á Suðurfjarðarvegi í drögum að fimm ára samgönguáætlun. Fyrir liggur að mikil þörf er á endurbótum á Þjóðvegi 1 um firði, með umferðaröryggi í huga, enda gríðarmikil umferð fólks og vöruflutninga um veginn.

Þá leggur bæjarráð áherslu á að ljósabúnaður á Norðfjarðarflugvelli verði settur inn á fimm ára samgönguáætlun enda er sá flugvöllur mikilvægur í sjúkraflogi.

Karl Óttar Pétursson
bæjarstjóri

